

SKÝRSLA ÁN FYLGIGAGNA OG UPPLÝSINGA UM STAÐSETNINGU GEYMSLNA

VARÐVEISLU- OG GEYMSLUMÁL

MENNINGARSTOFNANA

**SEM HEYRA UNDIR
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

**GREINARGERÐ OG TILLÖGUR STARFSHÓPS
MENNTAMÁLARÁÐHERRA
1. NÓVEMBER 2006**

1. Inngangur og skipan nefndar

Menntamálaráðherra skipaði þann 9. júní 2006 starfshóp „til þess að kanna þörf undirstofnana ráðuneytisins á geymslurými og koma með tillögur til lausnar sem ekki eru bundnar við einstakar stofnanir heldur þarfir allra.”

Í skipunarbréfi starfshópsins segir ennfremur: „Jafnframt er þess óskað að hópurinn leggi mat á það hvaða kostir eru vænlegastir um lausn geymslumála safna hins opinbera til framtíðar og verði möguleikar á því að bjóða þessa starfsemi út kannaðir í því sambandi.”

Starfshópurinn var þannig skipaður:

Sturlaugur Þorsteinsson verkfræðingur og MBA, formaður,

Auður B. Árnadóttir sérfræðingur á fjármálasviði í menntamálaráðuneytinu,

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sérfræðingur á skrifstofu menningarmála í menntamálaráðuneytinu,

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður,

Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður,

Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður,

Ólafur Kvaran forstöðumaður Listasafns Íslands.

Starfshópurinn kallaði Gísla Sverri Árnason MPA til starfa til þess að vinna að undirbúningi og ritstjórn á greinargerð hópsins.

Hópurinn hélt níu fundi. Auk þess fóru formaður og starfsmaður í heimsóknir og skoðunarferðir í stofnanir og sátu fundi með starfsmönnum þeirra.

Reykjavík 1. nóvember 2006,

Sturlaugur Þorsteinsson formaður,

Auður B. Árnadóttir

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir

Margrét Hallgrímsdóttir

Sigrún Klara Hannesdóttir

2. Helstu niðurstöður

Stór hluti af menningararfi Íslendinga er varðveittur á söfnum þjóðarinnar. Í mörgum þeirra eru skilyrði til varðveislu ekki eins og best verður á kosið. Úr því er mjög brýnt að bæta á næstu árum, sérstaklega hvað varðar aðstöðu höfuðsafna og þjóðmenningarstofnana á sviði varðveislu. Aðrar menningarstofnanir hafa fyrst og fremst þörf fyrir almennar geymslur, til dæmis fyrir sviðsmyndir og sýningarbúnað.

Heildarþörf

Sameiginlegt varðveisluhúsnæði kemur víða til greina þótt ekki sé til ein heildarlausn er mætir þörfum allra menningarstofnana. Varðveisla menningararfsins og almennar geymslur fara ekki alltaf vel saman og taka tillögur nefndarinnar mið af því. Þær gera þó ráð fyrir samnýtingu þar sem hún er talin æskileg og eðlileg enda eru samlegðaráhrif víða augljós.

Efni þessarar greinargerðar byggir á gögnum frá stofnununum sjálfum og eru tillögurnar byggðar á mati starfshópsins á þeim upplýsingum og aðstæðum hverju sinni.

Samkvæmt mati stofnananna er heildarþörf þeirra fyrir nýtt húsnæði um 17.000 m². Að auki er þörf fyrir endurbætur á núverandi húsnæði Þjóðskjalasafns Íslands og Kvikmyndasafns Íslands. Áætluð þörf fyrir nýtt varðveisluhúsnæði fyrir menningararf þjóðarinnar er tæplega 15.450 m² og þörf fyrir húsnæði til geymslu á leikmyndum og búnaði 1.550 m².

Starfshópurinn telur brýnt að á næstu fáum árum verði þörf þessari mætt með endurbótum á húsnæði þar sem það á við og byggingu eða leigu á allt að 12.900 m² húsnæði sem skiptist í 11.400 m² varðveisluhúsnæði fyrir menningararf þjóðarinnar og 1.500 m² húsnæði til geymslu á leikmyndum og búnaði. Þá er vakin athygli á því að um leið og nýjar geymslur verða komnar í gagnið munu leggjast af nokkrar núverandi geymslur sem eru samtals um 3.800 m² að stærð. Við frekari undirbúning þarf að taka afstöðu til tæknilegra útfærslna og hugsanlegrar áfangaskiptingar. Vinna þarf aðgerðaáætlun og taka ákvörðun um næstu skref sem fyrst.

Helstu tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

- Brýnustu varðveisluverkefni Listasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands verði leyst nú þegar.
- Sameiginlegt þjónustu- og varðveisluhús fyrir höfuðsöfnin tvö sem starfa eftir safnalögum, Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands, verði byggt á lóð Þjóðminjasafns Íslands við Vesturvör, allt að 6.000 m² að stærð.
- Ákvörðun verði tekin um framtíðaraðsetur Þjóðskjalasafns Íslands við Laugaveg og endurbótum lokið innan fimm ára.
- Byggð verði eða leigð allt að 5.400 m² varðveislubygging fyrir fjargeymslur Þjóðskjalasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.
- Veittir verði fjármunir til þess að ljúka innréttingum á geymslum Kvikmyndasafns Íslands á næstu fimm árum.
- Byggð verði eða leigð allt að 1.500 m² geymslubygging fyrir Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn.

Framtíðarkostir

Í tillögum starfshópsins er lögð megináhersla á að tryggja örugg varðveisluskilyrði og almennt öryggi fyrir menningararf þjóðarinnar innan fárra ára. Starfshópurinn leggur því til að á allra næstu árum verði ofangreindum og afar brýnum áföngum lokið. Í kjölfarið verði ákveðið hvort og þá hvenær er þörf á frekari framkvæmdum í þessum efnunum. Almennt munu stofnanir hafa miðað mat sitt á framtíðarþörf við næstu 20 árin að minnsta kosti og er þeirri þörf mætt að stórum hluta með ofangreindum aðgerðum sem vinna mætti í áföngum.

Möguleikar á útboði

Starfshópurinn telur, að við framkvæmd tillagnanna, komi leigu- eða þjónustuútboð til greina líkt og hefðbundnar framkvæmdaleiðir ríkisins.

3. Geymslur og hugtök

Í starfi margra menningarstofnana, sérstaklega safna, er gott og öruggt varðveislu- og geymslurými mikilvægur þáttur. Á Íslandi hefur á undanförunum árum verið unnið að endurbótum á aðstöðu stofnana í geymslumálum en ekki með eins markvissum eða samræmdum hætti og æskilegt væri. Afar misjöfn staða er á geymslumálum stofnana sem skoðaðar eru í þessari samantekt og samvinna þeirra á því sviði er lítil sem engin. Megintilgangur þeirrar vinnu sem hér er lagt af stað með er að athuga og meta núverandi geymsluaðstöðu safna og annarra menningarstofnana og hugleiða með hvaða hætti megi bæta hana, meðal annars með sameiginlegum lausnum.

Hugtakið „geymsla” er oft ekki nógu lýsandi fyrir mikilvægi þessa þáttar í starfsemi menningarstofnana. Þó er vert að benda á að sögnin að geyma þýðir meðal annars að hirða og varðveita til síðari tíma. En geymsla menningararfsins hefur annan og víðari tilgang. Hér koma þættir eins og rannsóknir og miðlun til skjalanna og varðveislan sjálf byggist orðið á fjölmörgum þáttum líkt og forvörslu og nákvæmri skráningu.

Stungið hefur verið upp á að nota önnur hugtök svo sem „þjónustuhús” eða „rannsóknarstöð” í stað geymsluhugtaksins. Í greinargerð Þjóðminjasafns Íslands kemur fram hugtakið „þjónustu- og varðveisluhús” og lýsir það því vel hve margvísleg starfsemi fer fram í eða við geymslur. Hér má nefna móttöku, flokkun, forvörslu, rannsóknir, skráningu, ljósmyndun, þökkun, afgreiðslu og fleiri þætti.

Í nýlegri samantekt Safnaráðs kemur fram að mikill meirihluti safna sem sækja til ráðsins hefur aðgang að geymslum. Ástand þeirra og stærð er þó misjöfn og í afar mörgum geymslum smærri safna eru litlar sem engar öryggisráðstafanir. Það er því ljóst að söfn sem starfa á ábyrgð sveitarfélaga og annarra aðila en menntamálaráðuneytis búa flest við lakari geymsluskilyrði en æskilegt væri.

Geymslur eða varðveisluhús eru í senn rými og ferli. Þau ná yfir alla staði þar sem gripir og annað efni er staðsett til lengri tíma í varðveislutilgangi. Ferlið hefur í för með sér leit að lausnum til þess að varðveita gripi, skjöl og bækur við sem best skilyrði. Sýningarsalir og

heilu söfnin geta einnig flokkast undir geymslur þar sem gripirnir eru lítið hreyfðir en yfirleitt er þó afar lítill hluti safngripa til sýnis hverju sinni.

Við val á varðveislustað þarf að hafa umhverfi í huga. Byggingin þarf að vera á öruggum stað þar sem minnst utanaðkomandi vá steðjar að. Loftmengun má ekki vera fyrir hendi. Gluggalaust rými er í flestum tilvikum æskilegt með góðu loftflæði og loftræstingu með möguleika á stýringu rakastigs. Engar vatnslagnir eru í góðum geymslum, a.m.k. ekki í lofti, en gott aðgengi fyrir aðföng, til dæmis vegna aðkomu flutningabíla. Af öðrum skilyrðum má nefna:

- Öryggi; tæki, neyðaráætlun, vöktun.
- Skipulagning; rými, skráning, vinnubrögð.
- Geymslutækni; frágangur, þökkunarefni, hillutækni.
- Meðhöndlun; verklagsreglur.

Í greinargerðinni eru hugtökin *nærgeymsla* og *fjargeymsla* notuð:

Nærgeymsla er geymsla sem er auðveld í daglegri notkun, innan safnhúss, á lóð þess eða í næsta nágrenni.

Fjargeymsla er utan lóðar og ekki er afgreitt úr henni fyrirvaralaust nema mikið liggi við. Fjargeymsla þarf þó í tilfellum flestra þeirra stofnana sem hér um ræðir að vera innan höfuðborgarsvæðisins.

Í fylgiskjali með greinargerðinni eru hugmyndir um sameiginlega byggingu er leysti vanda allra stofnana reifaðar stuttlega. Niðurstaðan varð sú að mæla með lausnum sem ganga heldur skemur en miða þó að mikilli samvinnu í húsnæðismálum. Það reyndist hagkvæmara með tilliti til ólíkra hagsmuna og þarfa. Þá kom einnig fram það sjónarmið að of mikil áhætta væri fólgin í því að varðveita stærstan hluta af menningararfi þjóðarinnar í einni byggingu eða á sömu lóð.

Efni þessarar greinargerðar byggir, eina og áður segir, á gögnum frá stofnununum sjálfum og eru tillögurnar byggðar á mati starfshópsins á þeim upplýsingum og aðstæðum hverju sinni.

4. Aðstaða til varðveislu og geymslu hjá stofnunum

Í þessum kafla er unnið með upplýsingar frá stofnunum sjálfum um núverandi ástand geymslumála og sett fram mat þeirra á framtíðarþörf. Eftirfarandi þrettán stofnanir eru í samantektinni:

Blindrabókasafn Íslands
Fornleifavernd ríkisins
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Íslenski dansflokkurinn
Kvikmyndamiðstöð Íslands
Kvikmyndasafn Íslands
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Þjóðleikhúsið
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands.

Vert er að benda á að nokkrar stofnanir af svipaðri gerð og umfangi eru reknar af sveitarfélögum og einkaaðilum auk fjölda smærri stofnana. Úttekt á vanda þeirra var ekki hlutverk starfshópsins en við frekari úrvinnslu verkefnisins mætti hugsanlega kanna aðild þeirra að því.

Sérstakar aðstæður Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og fyrirhugaðar breytingar á högum þeirra gerðu það að verkum að starfshópurinn ákvað að fjalla ekki um þær stofnanir. Samkvæmt safnalögum er stefnt að því að stofna Náttúruminjasafn Íslands sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Starfshópurinn telur að við stofnun safnsins verði þörf þess fyrir geymslu- og varðveislurými metin og því sé ekki tímabært að fjalla um það hér.

4.1 Blindrabókasafn Íslands

Geymsluhúsnæði safnsins dugar Blindrabókasafni Íslands til frambúðar. Útlánakostur safnsins er að skreppa saman. Í stað snældubóka koma diskar og í framtíðinni er ætlunin að miðla bókum á netinu. Þörf fyrir gagnageymslur eykst þó að sama skapi. Núverandi geymsluhúsnæði er um 90 m² að stærð.

Mat stofnunarinnar er að húsnæðisþröf sé fullnægt.

4.2 Fornleifavernd ríkisins

Fornleifavernd ríkisins veitir leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna og eru slík leyfi meðal annars bundin skyldu um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknir. Öll frumgögn vettvangsrannsókna, svo sem dagbækur, skrár, ljósmyndir og teikningar í geymsluhæfu formi, skal afhenda stofnuninni með skrá yfir fjölda þeirra. Einnig skal senda Fornleifavernd ríkisins endurgjaldslaust tvö eintök af öllu efni, svo sem bókum og greinum í blöðum og tímaritum, sem leyfishafi birtir um rannsóknina. Þetta á við um allar rannsóknir sem framkvæmdar eru af fyrirtækjum fornleifafræðinga og öllum söfnum sem stunda fornleifarannsóknir hvort sem um er að ræða byggðasafn eða Þjóðminjasafn Íslands.

Öllum gripum, bæði lausafundum og gripum úr rannsóknum ásamt sýnum, á að skila til Fornleifaverndar sem svo ber að fela þá þjóðminjaverði. Ekki er gert ráð fyrir að gripir staldri við hjá Fornleifaverndinni lengur en svo að hægt sé að skrá þá ef um lausafund er að ræða eða staðfesta að öllum gripum hafi verið skilað úr rannsókn. Stofnunin hefur því þörf á einhvers konar móttöku. Gripir koma inn, eru skráðir og fara svo áfram til Þjóðminjasafns Íslands til varðveislu. Þegar um stórar rannsóknir er að ræða er þó æskilegt að gripir og sýni fari beint til Þjóðminjasafns og að starfsmaður Fornleifaverndar sé þá viðstaddur þar.

Mat stofnunarinnar á núverandi þröf er eftirfarandi:

Rými til þess að geyma útgefið efni um rannsóknir	40 m ²
Móttaka með vinnuástöðu til að skoða gripi	30 m ²
Áhaldageymsla	20 m ²
Vinnuástaða til að skoða gögn	10 m ²
Viðbót vegna rannsókna næstu 10 árin	80 m ²
Alls	180 m²

4.3 Húsafriðunarnefnd ríkisins

Stofnunin er með 232 m² rými. Geymslan er nokkuð stór og dýr miðað við starfsemi í dag en litið er á hana sem tímabundna lausn. Vegna viðgerða friðaðra húsa, meðal annars kirkna, torfhúsa og húsa í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands er mikilvægt að hafa aðstöðu fyrir húsaviði og annan sérstakan efnivið. Einnig þarf eldtrausta geymslu fyrir frumgögn teikninga.

Mat stofnunarinnar á geymslupörf fyrir húsaviði, byggingarefni o.fl. er eftirfarandi:

Köld geymsla	400 m ²	
Upphituð geymsla	427 m ²	(þar af 70 m ² skjalageymsla fyrir teikningar)
Samtals	827 m²	

Auk þess:

Útisvæði	695 m ²
----------	--------------------

4.4 Íslenski dansflokkurinn

Íslenski dansflokkurinn hefur haft geymsluaðstöðu í - - -. Þar hafa leikmyndir, búningar og aðrar eigur flokksins verið geymdar í opnu og stóru rými þar sem ryk og óhreinindi safnast auðveldlega og er ekki ákjósanlegur staður fyrir viðkvæmar leikmyndir og aðrar eigur flokksins. Áætlað er að núverandi geymsluaðstaða sé um 100 m² að stærð.

Þörf flokksins fyrir geymsluhúsnæði eykst stöðugt, ekki síst vegna þess að þörf er fyrir að geyma leikmyndir sýninga þar sem líftími þeirra er mun lengri en áður. Þetta skapast af því að dansflokkurinn er sífellt að auka nýtingu eldri dansverka, bæði með sýningum erlendis og með því að taka þau að nýju upp á sviðum hér heima.

Það er skoðun dansflokksins að æskilegt sé að sameinast sem fyrst um gott húsnæði fyrir ýmsar stofnanir ríkisins sem hafa svipaðar þarfir og ná þannig fram hagkvæmni í rekstri.

Mat stofnunarinnar á geymslupörf sinni til framtíðar er eftirfarandi:

- Um 200 m² húsnæði þar sem er hátt til lofts (a.m.k. 4 metrar) og möguleiki á að raða stærri sem smærri munum á hagkvæman hátt.

4.5 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Kvikmyndamiðstöð Íslands sér um að styrkja og kynna kvikmyndir, heimildamyndir og stuttmyndir. Eðli málsins samkvæmt snúast geymslumál stofnunarinnar aðallega um varðveislu á filmum eða svo kölluðum printum og öðrum masterum, eins og betacam, digcam og dvcam spólum sem og vhs og dvd, sem sendar eru til og frá landinu á kvikmyndahátíðir og á aðrar menningarkynningar. Á Kvikmyndasafni Íslands er aðstaða til þess að geyma og varðveita þessar filmur. Þar er sérhæfð aðstaða sem tryggir kjöraðstæður til geymslu.

Mat stofnunarinnar er að geymsluþörf hennar sé fullnægt með samstarfi við Kvikmyndasafn Íslands.

4.6 Kvikmyndasafn Íslands

Kvikmyndasafn Íslands hefur undanfarin ár verið að koma sér fyrir í nýju húsnæði. Nýja húsið er mikil breyting fyrir safnið sem var komið í alger þrot með geymslu, þegar það missti leiguhúsnæði í Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og fékk þetta hús til umráða. Það er í eigu ríkisins. Nú er verið að koma safnkostinum fyrir í húsinu jafnframt því sem verið er að yfirfara skráningar og endurpakka öllu safninu og merkja að nýju. Gjörbylting er á innkomu aðfanga, varðandi magn, með nýjum lögum um skilaskyldu og nýrra skyldna sem lagðar hafa verið á safnið með þeim og lögum um kvikmyndir.

Geymslurými er til staðar í húsinu en safnið þarf að koma sér upp hillum í þrjú stór rými í húsinu fyrir núverandi safnkost og aðföng næstu ára, auk þess sem endurnýja þarf hillur í frysti til aukinnar nýtingar. Fyrir liggur tilboð í nýjar hillur í frysti en ekki hefur verið gengið frá þeim kaupum.

Heildarstærð húsnæðis safnsins er um 1.800 m² en þar af eru skrifstofur og vinnuástaða í um 300 m². Geymslur eru því um 1.500 m² að stærð, þar af hafa um 350 m² verið innréttaðir.

Mat stofnunarinnar er að með innréttingu á núverandi húsnæði verði geymsluþörf safnsins mætt til framtíðar. Stofnunin áætlar að kostnaður gæti numið um 25 milljónum króna.

4.7 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn hefur fengið afhent eintök frá íslenskum prentsmiðjum óslitið frá árinu 1886. Safnið á nærri fullkomið safn allra rita sem komið hafa út á íslensku og á Íslandi. Samkvæmt lögum um skylduskil til safna skal Landsbókasafnið meðal annars varðveita verk sem gefin eru út á pappír, örgögn og skyggjur, hljóðrit, verk útgefin á rafrænu formi og vefsíður.

Núverandi geymslurými safnsins er þrjúþætt:

1. Um 2.500 m² rými, að hluta með þéttiskápum. Mjög góðar geymslur sem fullnægja þörf safnsins til næstu ára miðað við að halda svipuðu rými í fjargeymslum og því sem stofnunin hefur yfir að ráða í dag. Handritageymsla í Þjóðarbókhöfðu er þó langt komin með að fyllast en möguleikar eru á stækkun hennar eða nýtingu annars rýmis í húsinu fyrir skjöl. Lagergeymslur vantar þó alveg í húsið fyrir sýningarbúnað o.fl.

2. Um 600 m² leiguhúsnæði, aðallega fyrir eldra erlent efni og aukaeintök af íslenskum bókum. Þetta er lagerhúsnæði með 5 m lofthæð. Geymslan er ekki fullnýtt og er þriðjungur hennar leigður út tímabundið.

3. Um 800 m² geymsla fyrir varaeintakasafn Landsbókasafns og fleira. Starfshópur, sem falið var að skoða og meta aðstöðu varaeintakasafnsins, komst að þeirri niðurstöðu í júní 2006 að „ásættanlegt sé að safnið verði í - - - enn um sinn” en „að hugað verði að varanlegri lausn.” Byrjað er á endurbótum á húsnæðinu undir stjórn Framkvæmdasýslu ríkisins. Í geymslunni er einnig fyrirhugað að varðveita annað efni svo sem tónlist, myndbönd, veggspjöld og smáprent.

Mat stofnunarinnar er að geymslurými sé nægjanlegt eins og sakir standa en farið sé að þrengja að handritageymslu. Bent er á skýrslu og niðurstöðu ofangreinds starfshóps um varaeintakasafnið og ítrekar stofnunin að húsnæðið sé ekki framtíðarlausn.

4.8 Listasafn Einars Jónssonar

Í eigu safnsins eru rúmlega 300 verk. Af þeim eru 220 höggmyndir. Af höggmyndunum eru 80 í sýningarsölum safnsins auk 16 olíumálverka. Þar að auki eru nokkur málverk og fáein gifsverk í íbúð sem hluti af innbúi listamannsins og er til sýnis. 26 bronsafsteypur eru í höggmyndagarðinum. Öðrum höggmyndum, um 115 verkum, er komið fyrir í hliðarrými í safnbyggingunni annars vegar og hins vegar í - - -. Hefur svo verið í rúmlega aldarfjórðung

þegar ákveðið var að rýmka til í sýningarsölum. Pappírsværk og ýmis málværk, fullgerð sem ófullgerð, eru geymd í skrifstofuhúsi.

Geymslurými í dag er tvíþætt:

1. Geymslurými sem er í tveim herbergjum þar sem komið hefur verið fyrir stálhillum undir verkin. Hvorugt rýmið hentar vel þar sem verkin eru bæði þung og viðkvæm. Hvort herbergi er um 20 m² að stærð. Herbergin gætu nýst sem geymslur vegna daglegrar starfsemi í húsinu en eru óhentugar listaverkageymslur.

2. - - - Þetta rými er óheppilegt sem listaverkageymsla. - - - Hann skiptist í tvö rými og eru 10 verk í öðru og eitt í hinu. Verkin eru ekki aðgengileg, liggja undir skemmdum og hafa sum hver laskast nú þegar í flutningum. Geymsla er um 14 m².

Mat stofnunarinnar er að núverandi geymslurými sé ófullnægjandi og ráða þurfi bót á þeirri stöðu með endurbótum og stækkun á geymslurými.

4.9 Listasafn Íslands

Eitt af meginhlutverkum Listasafns Íslands er að varðveita menningararf íslensku þjóðarinnar á sviði myndlistar frá lokum 19. aldar til líðandi stundar. Safneignin er einstök og er ætlað að endurspegla sem best nýja strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma. Varðveitir safnið nú tæplega 10.000 verk, þar af eru málværk um 2.800, verk á pappír um 6.500 og þrívíð verk um 600. Listaverkæign safnsins eykst stöðugt og bætast að meðaltali um 180 ný verk í safnið á hverju ári. Þar af eru keypt um 20 verk en annað eru gjafir til safnsins, t.d. dánargjafir einstakra listamanna og eru slíkar gjafir mjög mikilvæg viðbót við safneignina og nauðsynlegt fyrir safnið að geta veitt þeim móttöku.

Listasafn Íslands flutti í núverandi húsnæði árið 1987 en hönnun hússins hófst mun fyrr enda ljóst þegar árið 1972 að reist yrði nýtt safnhús á Fríkirkjuvegi 7 og tók undirbúningsnefnd þá þegar til starfa. Byggingarnefnd var svo skipuð í lok árs 1975 og er greinilegt af öllum gögnum hennar að núverandi húsnæði við Fríkirkjuveg er aðeins fyrsti áfangi að fullnægjandi húsnæði fyrir safnið. Á þeim tíma sem húsið var hannað var listaverkæign safnsins umtalsvert minni en nú er og meirihlutinn málverk og pappírsværk. Í þessu samhengi má einnig benda á að mörg nýrri verk eru mjög umfangsmikil. Þar sem byggingartíminn var mjög langur, um 15 ár, var ljóst þegar safnið flutti inn í núverandi húsnæði að málverkageymslan í safnhúsinu myndi ekki rúma allan safnkostinn og því var

brugðið á það ráð að geyma verk í öðru rými sem ekki var til þess ætlað þar til betri lausn myndist. Þrívíð verk voru - - -.

Núverandi geymslurými safnsins, samtals um 653 m² að stærð er á eftirfarandi stöðum:

1. Sérhönnuð málverkageymsla í safnhúsinu er mjög góð en löngu sprungin. Stærð hennar er um 160 m² og er hún búin útdraganlegum upphengirekkum.

2. - - - orðið að geymslum vegna þrengsla. Í húsinu eru nú samtals lagðir um 74 m² undir listaverk í slíkum smáherbergjum og göngum við mjög misjafnar aðstæður.

3. - - - er í eigu Listasafns Íslands. Húsið stenst ekki kröfur sem geymslustaður fyrir listaverk. Þar er um 30 m² geymsla með mjög lítilli lofthæð.

4. Geymsla sem Listasafnið hefur á leigu er 389 m² að stærð með þriggja og fjögurra metra lofthæð. Þetta er opið geymslurými (lagerpláss) þar sem höggmyndir, innsetningar og fleiri þrívíð listaverk eru í geymslu. Geymsla þessi er óaðgengileg og stenst ekki kröfur um öryggi í listaverkageymslum. Árstíðabundnar sveiflur eru á raka og hita.

Listasafn Íslands bendir á - - - að ákveðnar úrbætur í geymslumálum safnsins þoli enga bið.

Mat stofnunarinnar á framtíðarþörf (næstu 20-30 ára) fyrir geymslurými safnsins er eftirfarandi:

1. Aukið rými fyrir málverk (fyrir utan núverandi 160 m ² geymslu í safnhúsi),	1.000 m ²
2. Rými fyrir verk á pappír	500 m ²
3. Rými fyrir þrívíð verk (æskileg lofthæð a.m.k. 5 m)	1.500 m ²
4. Rými fyrir fjöltækniverk (tæki, myndbönd og DVD disk)	200 m ²
5. Geymslur fyrir kassa og pökkunarefni, aðstaða til móttöku og pökkunar (5 m)	<u>640 m²</u>
Samtals stækkunarþörf	3.840 m²

4.10 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók til starfa 1. september 2006 við samruna fimm stofnana. Þær voru Orðabók Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslensk málstöð, Örnefnastofnun og Stofnun Sigurðar Nordal. Ákveðið hefur verið að byggja nýtt hús

yfir starfsemi stofnunarinnar í nágrenni Þjóðarbókhöðunnar og er gert ráð fyrir að slík nýbygging leysi geymsluþörf stofnunarinnar til framtíðar.

Mat stofnunarinnar er að geymsluþörf verði mætt með fyrirhugaðri nýbyggingu.

4.11 Þjóðleikhúsið

Í Þjóðleikhúsinu við Hverfisgötu eru nær engar geymslur. Í næsta nágrenni er þó möguleiki á að útvega litlar nærgeymslur fyrir það helsta sem þarf til daglegrar starfsemi leikhússins. Um þessar mundir leigir Þjóðleikhúsið eftirfarandi húsnæði undir geymslur:

1. Geymsla 700 m² að stærð. Í húsnæðinu er leikmuna-, leikmynda- og tækjageymsla. Leigusamningur um húsnæðið rennur út 31. maí 2008 og staðfest er að hann verður ekki framlengdur af hálfu leigusala.

2. Geymsla 500 m² að stærð. Í húsnæðinu er leikbúningageymsla. Leigusamningur um húsnæðið er ótímabundinn, en uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

Mat stofnunarinnar á geymsluþörf sinni er:

- 1. Leikbúningageymsla** um 300-400 m² með góðum innréttingum, sem nýta gólfrymi vel. Æskileg lofthæð 3,0-3,5 m, þannig að unnt sé að koma fyrir fataslám á 2-3 hæðum.
- 2. Leikmunageymsla** um 600-700 m², þar af meirihluti húsnæðis með 4-5 m lofthæð með góðum pallarekkum fyrir stærri muni ásamt nauðsynlegum aðgengisbúnaði. Í hluta geymslurýmis mætti vera minni lofthæð, en þar væru skápar, hillur og skúffur uppistaða innréttinga.
- 3. Leikmyndageymsla** um 300 m² með 6,0 m lofthæð. Innréttingar af skornum skammti, pallarekkar að einhverju leyti með aðgengisbúnaði.
- 4. Tækjageymsla** um 100 m² með lágmarks lofthæð, 2,5 m.
- 5. Skjalageymslur** með hefðbundnum innréttingum 50-80 m².

Samtals 1.350 – 1.580 m².

4.12 Þjóðminjasafn Íslands

Sýningar Þjóðminjasafns Íslands voru opnaðar almenningi á ný 1. september 2004 eftir áralangar endurbætur á safnhúsinu við Suðurgötu. Við undirbúning sýninganna fór fram afar umfangsmikið forvörslu- og rannsóknarstarf. Endurbætt geymsluhúsnæði var tekið í notkun árið 1998. Eftir sem áður er stór hluti af minjum safnsins í smærri geymslum sem uppfylla

ekki kröfur um varðveislu þjóðminja. Að jafnaði eru aðeins um 2-4% af safnkosti Þjóðminjasafnsins til sýnis eins og almennt er í sambærilegum söfnum, annað er bæði í fjargeymslum og nærgeymslum (varðveislu- og þjónustuhúsum) og er tekið fram á sýningar bæði innan safnsins og til útlána til annarra safna utan lands og innan og vegna rannsóknarverkefna þeirra fjölmörgu sem leita til safnsins. Von er á íslenskum minjum frá erlendum söfnum á næstu árum, meðal annars frá Nordiska Museet í Svíþjóð, sem gera þarf ráð fyrir í geymslum.

Mikið landrými er á lóðum safnsins við Vesturvör. Lóðin Vesturvör 14 er 5.000 m² að stærð og Vesturvör 16-20 er 7.544 m² að stærð. Deiliskipulag svæðisins liggur þó ekki fyrir.

Hugmyndir eru um samstarf við Byggðasafn Árnesinga um að bátasetri verði komið á fót í Þorlákshöfn en alls eru 24 bátar í eigu Þjóðminjasafnsins. Samgönguminjar hafa að nokkru leyti verið vistaðar að Skógum, fjarskiptaminjar (er tengjast símatækni o.fl.) á Seyðisfirði og landbúnaðarminjar að Hvanneyri. Nýlega gerði Þjóðminjasafnið þjónustusamning við Húsafriðunarnefnd um viðgerðir og eftirlit með ástandi húsa í húsasafni sínu (sjá kafla um Húsafriðunarnefnd).

Núverandi geymslur safnsins eru aðallega fjórar:

1. Geymsla, gott 2.200 m² húsnæði. Þar af er geymslurými um 1.600 m² og skiptist í allmörg og aðskilin rými með mismunandi hitastigi og varnarkerfum. Húsið er aðalgeymsla Þjóðminjasafnsins með munageymslu, myndageymslu, fornleifageymslu og textílgeymslu en einnig er skrifstofu- og vinnuaðstaða í húsinu meðal annars til forvörslu og skráningar sem þarf að vera í tengslum við geymslur safnsins. Allt að 20% af starfsliði Þjóðminjasafnsins hefur fasta vinnustöð í húsinu og telst staðsetning húsnæðisins góð gagnvart aðalsafnhúsinu sjálfu við Suðurgötu í Reykjavík. Til þess að léttja á geymslum í húsinu og auðvelda móttöku muna næstu árin væri hægt að flytja valda gripi eða gripaflokka í fjargeymslu. Fyrir liggur gróf áætlun um það.

2. Geymsla, gömul skemma með mikilli lofthæð. Stærð um 790 m². Tækniminjar og stærri munir svo sem bílar, vélar og bátar eru í húsinu. Ástand þess er lélegt. Bátar eru auk þess varðveittir utanhúss vegna skorts á sérstöku geymsluhúsnæði fyrir báta.

3. Geymsla, um 650 m² leiguhúsnæði sem skiptist í tvö rými. Hér eru meðal annars bílar, vélar og aðrir stærri munir en einnig niðurtekin hús (baðstofur o.fl.). Um er að ræða steinsteypt, frekar nýlegt húsnæði en aðkoma er þröng og ýmis starfsemi í nágrenni er óæskileg svo sem bensínstöð.

4. Geymsla, tveggja hæða iðnaðarhús, 649 m² að stærð. Gott húsnæði sem hýsir aðallega lækningaminjasafn Jóns Steffensens og er keypt fyrir erfðafé frá honum með

milligöngu Læknafélags Íslands. Hugmyndir eru um að selja húsnæðið og nýta fjármunina í nýja safnbyggingu við Nesstofu sem þegar hefur verið hönnuð. Í kjallara þess húss yrði geymsla sem kæmi í stað Bygggarða. Seltjarnarnesbær mun koma að framtíðaruppbyggingu og rekstri safnasvæðis við Nesstofu.

Mat stofnunarinnar á framtíðarþörf fyrir geymslurými er eftirfarandi:

1. Geymsla er kæmi í stað húsnæðis í geymslu 2 og 3	3.000 m ²
2. Bátageymsla	1.500 m ²
3. Geymsla fyrir sýningarhluti og lager	<u>600 m²</u>
Samtals stækkunarþörf	5.100 m²

4.13 Þjóðskjalasafn Íslands

Skjalasöfn eru umfangsmestu frumheimildasöfn samtímans. Jafn mikið magn skjala hefur orðið til í heiminum eftir árið 1970 og hafði þá myndast frá upphafi ritmenningar. Áætlað er að skjalamagn í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands verði orðið í kringum 90 hillukílómetrar árið 2030. Núverandi húsnæði er talið rúma um 50 hillukílómetra fullbúið en þar sem meirihluti húsnæðisins er ófrágenginn hefur skapast alvarlegt ófremdarástand sem kemur í veg fyrir að safnið geti sinnt skyldum sínum sem lögboðin viðtökustofnun skjala hins opinbera. Jafnframt er stefnt í voða varðveislu skjala sem afgangi þarf úr skjalageymslum og flytja verður utandyra á lestrarsal. Nú eru yfir 130 stofnanir á lista yfir þá sem skila vilja nú þegar skilaskyldum skjölum.

Frá því húsnæði mjólkurstöðvarinnar að Laugavegi 162 var keypt fyrir Þjóðskjalasafn Íslands árið 1985 hefur verið unnið að innréttingum og endurbótum þess. Árið 1995 bættist húsið að Laugavegi 164a við húsakostinn. Heildarhúsnæði safnsins er nú 9.570 m² og talsverðir viðbyggingarmöguleikar eru á lóðum þess. Á þeim 20 árum sem liðin eru frá þessum tímamótum í húsnæðissögu safnsins hafa 2.275 m² húsnæðisins verið endurbættir eða um 24%. Ófrágengnir eru því 7.295 m² en auk þess hefur verið bent á þörf fyrir um 3.000 m² nýbyggingu á lóðinni fyrir lestrarsal o.fl.

Núverandi húsnæði hefur marga kosti svo sem trausta vegg og gólf og góða staðsetningu en gallar þess eru einnig augljósir, fyrir utan ástand þess, svo sem að um er að ræða dreifðar og sundurlausar byggingar. Húsnæðisvandi stofnunarinnar birtist meðal annars í eftirfarandi þáttum:

1. Frágangur skjalageymsluhúsa er á eftir áætlun svo að ekki er unnt að sinna þeim afhendingum sem fyrirsjáanlegar voru og húsnæði rúmar.
2. Einkavæðing stórra ríkisfyrirtækja leiðir til stórra skjalaafhendinga.
3. Rafræn skjalavarsla kallar á sérlausnir hvað varðar geymslur og tæknibúnað.
4. Þjónusta við almenning á lestrarsal og annað sem tengist almenningi, sýningar, samkomur tengdar starfsemi skjalasafnsins o.þ.h. er í lágmarki vegna aðstöðuleysis. Bráðabirgðalestrarsalur er ófullnægjandi og býður ekki upp á framtíðarlausn.
5. Öll vinna við afgreiðslu úr skjalasöfnum er erfið, tímafrek og mikið óhagræði að hafa ekki flutningsleiðir undir þaki.

Nýleg húsrýmisáætlun nýbyggingar fyrir Þjóðskjalasafn Íslands gerir ráð fyrir að safnið þurfi um 19.000 m² húsnæðis, þar af um 12.800 m² geymslurýmis. Fyrir liggur frumskoðun á slíkri byggingu og er ekki ólíklegt að hún kosti um 2,5 milljarða kr. Fasteignir og byggingarréttur við Laugaveg 162 og 164 (eignarhluti ÞÍ) er metinn á tæpa 1,4 milljarða kr.

Mat stofnunarinnar er að hægt sé að leysa húsnæðisvanda safnsins á þrjá vegu:

- A. Halda áfram endurbótum á núverandi húsnæði við Laugaveg og byggja nýbyggingu og tengibyggingar. Þessi aðgerð dygði safninu trúlega næstu 20 árin. Með fjargeymslu að auki væri hægt að lengja líftíma núverandi staðsetningar eftir endurbætur á Laugavegi því raunhæft er að flytja hluta safnkostsins í geymslu utan lóðar safnsins.
- B. Útvega annað húsnæði sem hentar betur og auðveldara er að innrétta fyrir safnið.
- C. Byggja nýtt og sérhannað hús fyrir safnið. Sérhönnuð bygging er ákjósanlegasti kosturinn og besta lausnin til lengri framtíðar lítið.

5. Samantekt á núverandi aðstöðu og mat stofnana á framtíðarþörf

Þær 13 stofnanir sem fjallað er um búa við misjöfn geymsluskilyrði. Innan einstakra stofnana má einnig finna bæði góðar og slæmar geymslur. Í töflu 1 hér að neðan er gerð tilraun til þess að draga upp heildstæða mynd af ástandinu samkvæmt upplýsingum frá stofnunum og mati þeirra. Að jafnaði er miðað við um fjögurra metra lofthæð.

Stofnun	Núverandi stærð (m ²)	Er nærgeymsluþörf mætt?	Mat stofnunar á þörf (m ²)
Blindrabókasafn Íslands	90	Já	0
Fornleifavernd ríkisins	0	Já	180
Húsafriðunarnefnd ríkisins	232	Já	827
Íslenski dansflokkurinn	100	Já	200
Kvikmyndamiðstöð Íslands	0	Já	0
Kvikmyndasafn Íslands	1.500	Já	0
Landsbókasafn Ísl. – Háskólabók.	3.900	Já	1.400
Listasafn Einars Jónssonar	54	Já	100
Listasafn Íslands	653	Já	3.840
Stofnun Árna Magn. í ísl. fræðum		Já	0
Þjóðleikhúsið	1.200	Já	1.350
Þjóðminjasafn Íslands	4.270	Já	5.100
Þjóðskjalasafn Íslands	6.320	Já	4.000
ALLS	18.319		16.997

Tafla 1.

Stærð á geymslurými 12 menningarstofnana er að finna í töflunni. Á eftir heiti stofnunar er sýnd núverandi stærð geymsluhúsnæðis hvernar stofnunar, samtals 18.319 m² árið 2006. Þriðji dálkurinn svarar spurningunni hvort stofnunin telji sig búa yfir ásættanlegum nærgeymslum og í þeim fjórða er sýnd áætluð þörf stofnana á nýju geymslu- og varðveislurými, samtals 16.997 m². Er þá oft miðað við að leggja niður annað óhentugt geymslurými, eða nýta til fullnustu annað fyrirliggjandi húsnæði, svo sem húseignir Þjóðskjalasafns Íslands við Laugaveg, jafnvel með viðbyggingum. Þær fimm stofnanir sem nýlega sameinuðust í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru ekki með í þessu yfirliti.

Stærð og leiguverð á geymslum stærstu stofnana menntamálaráðuneytis

Stofnun	Stærð	Leiga á mánuði	Fermetraverð	Leigusali
Þjóðminjasafn Íslands				
	2.200 m ²	549.722 kr.	250 kr.	Fasteignir ríkissjóðs
	791 m ²	201.139 kr.	254 kr.	Fasteignir ríkissjóðs
	649 m ²	162.143 kr.	250 kr.	Fasteignir ríkissjóðs
	630 m ²	160.377 kr.	254 kr.	Fasteignir ríkissjóðs
	4.270 m²	1.073.381 kr.		
Listasafn Íslands				
	389 m²	98.917 kr.	254 kr.	Fasteignir ríkissjóðs
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókas.				
	600 m ²	300.000 kr.	500 kr.	Einkaaðili
	792 m ²	293.727 kr.	371 kr.	Menntamálaráðuneytið
	1.392 m²	593.727 kr.		
Þjóðskjalasafn Íslands				
	6.320 m²	0 kr.	0 kr.	Eigið húsnæði
Kvikmyndasafn Íslands				
	1.300 m²	440.000 kr.	338 kr.	Fasteignir ríkissjóðs
Þjóðleikhúsið				
	700 m ²	422.883 kr.	604 kr.	Einkaaðili
	500 m ²	340.601 kr.	681 kr.	Einkaaðili
	1.200 m²	763.484 kr.		

Tafla 2.

Kostnaður við rekstur geymsluhúsnæðis er afar misjafn. Húsaleiga á þeim fasteignum sem Fasteignir ríkissjóðs ráða yfir er á mjög hógværum nótum og yfirleitt helmingi lægri en leiga á sambærilegu húsnæði á almennum markaði. Í töflu 2 er leiguverð það sem sex stærstu stofnanirnar greiða fyrir geymsluhúsnæði sitt tekið saman. Stærsta stofnunin, í þessum samanburði er eigandi húsnæðisins og greiðir ekki leigu. Samanlögð leiga hinna stofnananna fimm er um þrjár milljónir króna á mánuði eða um þrjátíu og sex milljónir króna á ári. Viðhaldskostnaður þeirrar sjöttu, Þjóðskjalasafns Íslands, sem greiddur er af stofnuninni sjálfri og á að vera sambærilegur við leigu Fasteigna ríkissjóðs, er um 10-15 milljónir kr. á ári.

6. Mat starfshópsins og tillögur

Megin viðfangsefni starfshópsins var að fjalla um og leggja fram tillögur um lausnir í geymslu- og varðveislumálum sem nýttust fleiri en einni stofnun í einu svo og að huga almennt að öryggi menningararfs þjóðarinnar. Fjallar þessi kafli um mat starfshópsins á þessum þáttum og byggir á upplýsingum frá stofnunum. Í vinnu starfshópsins kom í ljós að verulegur áhugi er hjá stofnunum á að nýta sér sameiginlegar byggingar og þá samvinnukosti sem þær veita möguleika á. Hér á eftir verða þeir kostir sem virðast raunhæfir og líklegir til þess að leysa þörf á varðveislum- og geymsluhúsum hvernar stofnunar tíundaðir.

Tillögur starfshópsins fela í sér þá forgangsöröðun að brýnast sé að tryggja örugga varðveislum á menningararfi þjóðarinnar. Það má hugsanlega gera í einhverjum áföngum.

Geymslum menningarstofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru geymslur þeirra stofnana sem hafa skyldum að gegna við að varðveita menningararf þjóðarinnar um alla framtíð. Hins vegar geymslur annara stofnana undir búnað og tæki. Kröfur sem gera verður til aðbúnaðar þessara geymslna eru ólíkar. Flokki geymslna sem geyma menningararf þjóðarinnar má einnig skipta í tvennt þ.e. nærgeymslur og fjargeymslur. Nærgeymslur, sem einnig má kalla varðveisluhús, verða að hafa nán tengsl við forvörslu gripanna og mega ekki liggja allt of langt frá meginstöð stofnunarinnar. Stofnanir með varðveisluskyldur eru Kvikmyndasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands.

Í tillögum starfshópsins er fjallað um flatarmál húsnæðis en ekki rúmmál. Ljóst er þó að lofthæð þarf að vera mismikil í einstökum tilvikum. Til hægðarauka er að jafnaði miðað við 4 metra lofthæð í tillögum starfshópsins en við fullnaðarákvarðanir þarf að greina húsnæðisþörf einstakra stofnana mun nánar er hér er kostur.

Ljóst er að geymsluvandí stofnanna er mismunandi og í sumum tilfellum er mjög brýnt að úrlausn finnist strax. Þannig er mikilvægt að finna nú þegar bráðabirgðageymslur fyrir Listasafn Íslands til þess að flytja þau listaverk í, sem geymd eru við lökust skilyrði í dag. Einnig þarf að leysa bráðasta vanda Þjóðskjalasafns Íslands t.d. með því að veita nú þegar fjármunum til þess að ljúka innréttingu á ákveðnum áföngum í geymsluhúsnæði þess við Laugaveg.

6.1 Blindrabókasafn Íslands

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Núverandi geymslur safnsins eru fullnægjandi.

Framtíðarþörf: Framtíðargeymsluþörf safnsins er fullnægt í núverandi húsnæði.

Tillaga starfshópsins:

1. Engra úrbóta er þörf.

6.2 Fornleifavernd ríkisins

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Stofnunin hefur ekki yfir sérstöku geymsluhúsnæði að ráða í dag.

Framtíðarþörf: Stofnunin þyrfti fyrst og fremst rými til að geyma bóka- og skjalakost vegna fornleifarannsóknna. Rými vegna skila á gripum og sýnum úr fornleifarannsóknnum er ekki til staðar og úr því þarf að bæta.

Tillaga starfshópsins:

1. Aðstæður stofnunarinnar til að geyma bóka- og skjalakost ætti að vera hægt að leysa í núverandi húsnæði stofnunarinnar. Aðstaða til móttöku minja úr fornleifarannsóknnum verði bætt í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og ættu stofnanirnar að koma sér upp verklagsreglum þar að lútandi.

6.3 Húsafriðunarnefnd ríkisins

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Stofnunin er með óhentugt geymsluhúsnæði í dag.

Framtíðarþörf: Stofnunin þarf nýtt geymsluhúsnæði fyrir húsaviði og byggingarefni vegna aukinna verkefna. Auk þess skjalageymslu fyrir frumteikningar.

Tillaga starfshópsins:

1. Aðstæður stofnunarinnar til þess að varðveita frumteikningar verði leystar í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Stefnt verði að því að stofnunin fái til þess allt að 70 m² geymslu sem verði hluti af uppbyggingu varðveisl- og þjónustuhúss höfuðsafnanna tveggja. Byggingar- og viðgerðaeftni verði komið fyrir í fjargeymslum á öðrum stað.

6.4 Íslenski dansflokkurinn

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Núverandi geymslur dansflokksins eru ófullnægjandi.

Framtíðarþörf: Dansflokkurinn þarf nýtt geymsluhúsnæði og gæti slík geymsla hæglega verið í sameiginlegri geymslubyggingu stofnana sem sinna sviðslistum.

Tillaga starfshópsins:

1. Stofnunin fái 200 m² rými í sameiginlegri leikmuna- og búningageymslu með Þjóðleikhúsinu í stað núverandi leiguhúsnæðis í Laugarnesi.

6.5 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Núverandi geymslur stofnunarinnar hjá Kvikmyndasafni Íslands eru fullnægjandi.

Framtíðarþörf: Framtíðargeymsluþörf stofnunarinnar er fullnægt í núverandi húsnæði Kvikmyndasafns Íslands.

Tillaga starfshópsins:

1. Engra úrbóta er þörf.

6.6 Kvikmyndasafn Íslands

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Núverandi geymsluhúsnæði safnsins er nógu rúmgott en búnað skortir.

Framtíðarþörf: Framtíðargeymsluþörf safnsins er fullnægt í núverandi húsnæði miðað við að búa það hillum og öðrum nauðsynlegum búnaði.

Tillaga starfshópsins:

1. Lokið verði við innréttingu á núverandi geymsluhúsnæði safnsins á næstu fimm árum og með því yrði framtíðarþörf þess fullnægt.

6.7 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Ef frá er talin geymsla fyrir varaeintakasafn Landsbókasafns er ástand og stærð núverandi geymsluhúsnæðis stofnunarinnar gott.

Framtíðarþörf: Stofnunin hefur áfram þörf fyrir tvenns konar geymslur utan Þjóðar-bókhöðunnar. Annars vegar 600 m² almenna geymslu fyrir erlent efni og aukaeintök. Hins vegar um 800 m² öryggisgeymslu fyrir varaeintakasafn og annað varðveislufni.

Tillögur starfshópsins:

1. Varaeintakasafn Landsbókasafns flytji í sérhannaða 800 m² öryggisgeymslu í náninni framtíð. Öryggisgeymslan gæti verið hluti af sameiginlegri fjargeymslu með Þjóðskjalasafni Íslands.
2. Almenn geymsla safnsins (600 m²) flytji einnig í sameiginlegt fjargeymsluhús með Þjóðskjalasafni Íslands.

6.8 Listasafn Einars Jónssonar

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Núverandi geymsluhúsnæði safnsins er ófullnægjandi að stærð og gerð.

Framtíðarþörf: Framtíðargeymsluþörf safnsins yrði fullnægt í um 100 m² húsnæði.

Tillögur starfshópsins:

1. Gerðar verði endurbætur á hluta af geymsluhúsnæði safnsins svo það gagnist sem nærgeymslur og lagergeymslur fyrir rekstrarvörur.
2. Bætt aðstaða stofnunarinnar í rannsóknar- og varðveislumálum verði leyst í samstarfi við Listasafn Íslands.

6.9 Listasafn Íslands

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Lítil, sérhönnuð málverkageymsla í safnhúsinu við Fríkirkjuveg er fullnýtt. Önnur listaverk í eigu safnsins eru geymd við ófullnægjandi skilyrði og þarf að leysa þann vanda strax, meðan beðið er eftir varanlegum lausnum.

Framtíðarþörf: Safnið þarf á nýju varðveislu- og þjónusturými að halda.

Tillaga starfshópsins:

1. Safnið fái sérhannaða 3.000 m² listaverkageymslu í stað núverandi leiguhúsnæðis. Geymslan verði hluti af sameiginlegri uppbyggingu varðveislu- og þjónustuhúss höfuðsafnanna tveggja, Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands. Þörf Listasafns Einars Jónssonar verði einnig leyst innan rýmis Listasafns Íslands í húsinu. Gert verði ráð fyrir stækkunarmöguleikum vegna viðbótarþarfa næstu ára.

6.10 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Núverandi geymslur stofnunarinnar eru hjá þeim fimm stofnunum sem sameinuðust í eina 1. september 2006.

Framtíðarþörf: Framtíðargeymsluþörf stofnunarinnar verður fullnægt í nýbyggingu.

Tillaga starfshópsins:

1. Engra úrbóta er þörf til viðbótar við fyrirhugaða nýbyggingu.

6.11 Þjóðleikhúsið

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Núverandi geymsluhúsnæði safnsins er nógu rúmgott en óhentugt er að hafa það á tveimur stöðum. Leigutími er að renna út.

Framtíðarþörf: Framtíðargeymsluþörf safnsins yrði fullnægt í um 1.300 m² húsnæði.

Tillaga starfshópsins:

1. Stofnunin fái 1.300 m² rými í sameiginlegri leikmuna- og búnaðargeymslu með Íslenska dansflokknum í stað núverandi leiguhúsnæðis.

6.12 Þjóðminjasafn Íslands

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Í þjónustu- og varðveisluhúsi safnsins eru afar vel búnar geymslur. Aðstæður til viðbyggingar á lóðinni eru einnig til staðar. Aðrar geymslur eru í óviðunandi ástandi. Geymsla fyrir lækningaminjasafn er þó fullnægjandi nú og vel staðsett en það gæti breyst vegna áforma um nýtt safnhús. Einnig má eiga von á íslenskum minjum frá erlendum söfnum á næstu árum, sem gera þarf ráð fyrir í Vesturvör.

Framtíðarþörf: Þjóðminjasafnið þarf á stækkun að halda til viðbótar aðalgeymslum sínum.

Tillögur starfshópsins:

1. Geymsluhúsnæði að - - - verði nýtt áfram, eða þar til nýtt varðveislu- og sýningarhúsnæði tengt lækningarminjum rís.
2. Bátæign safnsins verði komið fyrir í fyrirhuguðu bátasetri í Þorlákshöfn í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga. Þjónustu- og varðveisluhús verði áfram nýtt sem miðstöð varðveislu og forvörslu safnsins og nýir áfangar slíkrar starfsemi skipulagðir á (næstu) lóðum. Safnið fái þar sérhannaða 3.000 m² munageymslu sem verði hluti af sameiginlegu varðveislu- og þjónustuhúsi höfuðsafnanna tveggja, Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands, í stað núverandi geymslna (annars staðar). Þörf Fornleifaverndar ríkisins fyrir móttöku minja og Húsafriðunarnefndar ríkisins vegna varðveislu

frumteikninga verði einnig leyst innan rýmis Þjóðminjasafns í húsinu. Gert verði ráð fyrir stækkunarmöguleikum vegna viðbótarþarfa næstu ára.

6.13 Þjóðskjalasafn Íslands

Mat starfshópsins:

Núverandi staða: Verulegur hluti af núverandi húsnæði Þjóðskjalasafns Íslands er óinnréttaður og því ekki hægt að fullnýta húsnæðið sem skjalageymslu.

Framtíðarþörf: Miðað við að fullnýta núverandi húsnæði og byggja allt að 4.000 m² fjargeymslu til viðbótar er gert ráð fyrir að húsnæðið dugi safninu í næstu framtíð.

Tillögur starfshópsins:

1. Gerð verði áætlun um að ljúka endurbótum á fasteignum safnsins við Laugaveg á næstu fimm árum.
2. Allt að 4.000 m² fjargeymsluhúsnæði verði byggt eða keypt á nýjum stað. Þar verði 1.400 m² bókageymslu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns einnig til húsa. Gert verði ráð fyrir stækkunarmöguleikum vegna viðbótarþarfa safnanna á næstu áratugum.

6.14 Samantekt helstu tillagna:

Á allra næstu árum verði eftirfarandi brýnum úrbótum vegna varðveisluskyldu menningarstofnana á menningararfi Þjóðarinnar lokið:

- Aðkallandi varðveisluverkefni Listasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands verði leyst nú þegar.
- Sameiginlegt þjónustu- og varðveisluhús fyrir höfuðsöfnin tvö, Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands, verði byggt á lóð Þjóðminjasafns Íslands, allt að 6.000 m² að stærð. Húsnæðið skiptist þannig að Þjóðminjasafni Íslands verði ætlaðir 3.000 m² og Listasafni Íslands 3.000 m² en innan þeirra marka rúmist einnig starfsemi skyldra stofnana. Ýmsar aðrar geymslur verði lagðar af í staðinn. Hönnun húsnæðisins taki mið af því að samlegðaráhrifa gæti sem mest, til dæmis með sameiginlegri aðstöðu til forvörslu, skráningar, þökkunar og móttöku.
- Ákvörðun verði tekin um framtíðaraðsetur Þjóðskjalasafns Íslands við Laugaveg. Unnar verði áætlanir um að ljúka við skipulag og endurbætur á húsnæði og lóð safnsins innan fimm ára.
- Byggð verði eða leigð allt að 5.400 m² varðveislubygging fyrir fjargeymslur Þjóðskjalasafns Íslands (4.000 m²) og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (600 m²). Í byggingunni verði einnig varaeintakasafn Landsbókasafnsins í sérstakri öryggisgeymslu (800 m²).
- Veittir verði nægilegir fjármunir til þess að ljúka innréttingum á geymslum Kvikmyndasafns Íslands á næstu fimm árum.

Lögð verði áhersla á að bæta geymsluaðstöðu Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins:

- Byggð verði eða leigð allt að 1.500 m² geymslubygging fyrir Þjóðleikhúsið (1.300 m²) og Íslenska dansflokkinn (200 m²).

Unnin verði aðgerðaáætlun og teknar ákvarðanir um næstu skref sem fyrst.

Heildarbyggingarmagn tillagnanna er 12.900 m² og gróf áætlun um byggingarkostnað (án búnaðar) er 1.300 milljónir kr. Áætlanir Kvikmyndasafns Íslands hljóða upp á 25 millj. króna. Kostnaðaráætlun frá árinu 2005 um að ljúka endurbótum á húsnæði Þjóðskjalasafns Íslands hljóðar upp á 1.980 millj. kr. Möguleiki er á áfangaskiptingu einstakra verkþátta í tillögunum.